

## Félagsmálaráðuneytið

---

Stöðuskýrsla nr. 3 til ráðgefandi aðila

### Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 03.07.2020

*Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.*

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift verður til hlutadeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, [vidbragd@frn.is](mailto:vidbragd@frn.is).

Stöðuskýrslur teymisins eru ólíkar frá viku til viku enda eru málaflokkarnir ólíkir en tengdir og sjónarhornin mörg. Í þessari þriðju stöðuskýrslu verður einkum fjallað um tillögur að vinnumarkaðsaðgerðum, stöðu langtímaatvinnulausra, stöðu aðgerða í velferðarþjónustu auk húsnæðis- og skuldamála.

#### Áhugavert í þriðju stöðuskýrslu

- Umtalsverð fækkun hefur orðið í hlutabótarúrræði stjórnvalda milli mánaða og býst Vinnumálastofnun við því að heildarfjöldinn sem nýti sér úrræðið í júní verði ekki hærri en **7.500 einstaklingar**. Í maí nýttu ríflega 21.000 einstaklingar sér úrræðið.
- Alls sóttu **25 sveitarfélög** um styrk til félagsmálaráðuneytisins til að auka við frístundastarfsemi barna í viðkvæmri stöðu fyrir sumarið 2020 og **32 sveitarfélög** sóttu um styrk til að efla félagsstarf fullorðinna sumarið 2020. Öll sveitarfélög uppfylltu skilyrði og fengu styrki.
- Vinnumálastofnun hefur tekist að afgreiða megnið af umsóknum um atvinnuleysisbætur vegna mars. Enn eru þó **1.192** umsóknir sem bíða afgreiðslu (þar sem öll gögn hafa borist) vegna mars, apríl og maí. Aðgerðir sem Vinnumálastofnun fór í til að stytta afgreiðslutíma eru að skila árangri.
- Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði leggur til að farið verði í gang með **Nám er vinnandi vegur II** til þess að hvetja atvinnuleitendur til þess að hefja formlegt starfs- og tækninám í framhaldsskólum og á háskólastigi.
- Vegna innanlandssmita og mögulegra hópsýkinga vinna sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að **innleiðingu endurskoðaðra leiðbeininga um heimsóknir** til íbúa í þjónustuíbúðum aldraðra, á hjúkrunarheimilum sem og íbúðarkjörnum /sambýlum fyrir fatlað fólk vegna COVID-19.

## Velferðarþjónusta

### Viðbragðsáætlun vegna sóttvarna

Í bréfi til sveitarfélaga þann 1. júlí 2020 áréttuðu almannavarnir og Embætti landlæknis mikilvægi þess að félagsþjónustur sveitarfélaga hugi að viðkvæmum einstaklingum sem fá þjónustu sveitarfélaga og vinni samkvæmt viðbragðsáætlunum. Auk þess voru gefnar út leiðbeiningar ef upp kemur hópsmit.

Vegna innanlandssmita og mögulegra hópsýkinga vinna félagsþjónustur á höfuðborgarsvæðinu að innleiðingu endurskoðaðra leiðbeininga um heimsóknir til íbúa í þjónustuíbúðum aldraðra, á hjúkrunarheimilum sem og íbúðakjörnum/sambýlum fyrir fatlað fólk vegna COVID-19.

- Fólk sem hefur verið erlendis á EKKI að heimsækja íbúa í 14 daga eftir komu til landsins. Þetta gildir einnig þó ekki hafi greinst smit við sýnatöku á landamærum.
- Fólk sem hefur umgengist einstaklinga með smit á EKKI að heimsækja íbúa
- Fólk sem finnur fyrir kvefi eða flensulíkum einkennum á EKKI að heimsækja íbúa
- Fólk sem hefur verið í einangrun vegna COVID-19 smits og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift mega EKKI heimsækja íbúa.

Starfsfólk í þjónustuíbúðum fyrir aldraða, á hjúkrunarheimilum, íbúðakjörnum/sambýlum og heimaþjónustu fer eftir sömu tilmælum í starfi sínu.

*Staða helstu aðgerða stjórnvalda í velferðarmálum.*

Í samstarfi við Reykjavíkurborg var ákveðið að koma á fót tímabundnu neyðarhúsnæði og ráðgjöf fyrir þá sem ekki hafa í nein hús að venda vegna COVID-19 faraldursins, óháð lögheimili. Samhliða var sett fjármagn til að auka stuðning og þjónustu við heimilislauða einstaklinga með fjölpættan vanda. Alls höfðu 17 aðilar nýtt sér tímabundið neyðarhúsnæði þann 23. júní sl. og því hefur enginn þurft að nýta sér úrræðið síðasta mánuðinn (sbr. stöðuskýrslu nr. 1 frá 3.júní). Ekki er til staðar tölfræði fyrir ráðgjafarhlutann.

Félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra skipuðu tímabundið aðgerðateymi til þess að leggja fram og útfæra aðgerðir gegn heimilisofbeldi og gegn ofbeldi á börnum. Teymið er skipað þeim Sigríði Björk Guðjónsdóttur, ríkislögreglustjóra og Eygló Harðardóttur, fyrrum félags- og húsnæðismálaráðherra en aðgerðirnar eru unnar í samráði við viðeigandi hagsmunaaðila og hafa nokkrir samráðsfundir þegar verið haldnir. Aðgerðirnar lúta einkum að því að efla **vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi**, efla þjónustu og stuðningsúrræði við bæði þolendur og gerendur ofbeldis og styðja við þróun og framkvæmd annarra verkefna á þessu sviði. Meðal fyrstu aðgerða á vegum teymisins var að styðja við starfsemi Barnahúss m.a. með viðbótarstöðugildi til þess að anna aukinni eftirspurn eftir þjónustu. Aðrar aðgerðir eru í undirbúningi sem betur verður hægt að greina frá innan skamms.

Ákveðið var að veita 600 milljónum króna til þess að auka jöfnuð í íþróttá- og tómstundastarfi barna. Styrkurinn miðast við heimili sem hafa tekjur undir 740.000 kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að framkvæmd úrræðisins verði á hendi sveitarfélaga. Samráð skal haft við fulltrúa félagsþjónustu, íþróttafélaga og aðra þá aðila sem málið varðar um ráðstöfun fjármagnsins. Unnið er að útfærslu sem kynnt verður á næstu dögum.

Samþykkt var að styðja fjárhagslega við þau sveitarfélög, sem umfram hefðbundið sumarstarf sumarið 2020, hygðust auka við frístundastarfsemi barna í viðkvæmri stöðu. Horft var til aldurshópsins 12 til 16 ára með sérstaka áherslu á að leitað yrði einstaklingsbundinna leiða til að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja reglubundið frístundastarf. Alls var samþykkt að veita allt að 75 milljónum króna til verkefnisins á landsvísu. Sveitarfélögum var gert að sækja um fjármagn til félagsmálaráðuneytisins til að efla verkefni eða hefja verkefni af þessu tagi. Við útdeilingu fjármagns var fjöldi barna á aldrinum 12 til 16 ára í hverju sveitarfélagi hafður til viðmiðunar. Alls hafa borist umsóknir frá **25 sveitarfélögum** sem öll uppfylltu skilyrði og fengu styrki.

Í sumar hvetur félags- og barnamálaráðherra sveitarfélög til að efla enn frekar félagsstarf fullorðinna með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hefur vegna COVID-19. Eldri borgarar og öryrkjar hafa víða þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun að undanförmu m.a. vegna sjálfsskipaðrar sóttkvíar. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja aukna áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði, heilbrigði og til að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun. Á þessum grundvelli gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra viðbótarverkefna í félagsstarfi fullorðinna fyrir sumarið 2020. Alls var samþykkt að veita 75 milljónum króna til þessara verkefna á landsvísu. Hvert sveitarfélag gat sótt um 1.600 kr. fyrir hvern íbúa í sveitarfélaginu, 67 ára og eldri en ákveðið var að hafa lágmarksframlag kr. 100.000. Alls hafa **32 sveitarfélög** sótt um styrk og uppfylltu þau öll skilyrði og fengu styrki.


Sett hefur verið fjármagn til fjögurra verkefna undir málaflokki fatlaðs fólks sem skilgreind voru í stöðuskýrslu 1 þann 3.júní sl. Þau verkefni eru enn í framkvæmd og er staða þeirra því óbreytt.

Einn liður í aðgerðapökkum stjórnvalda til þess að bregðast við afleiðingum COVID-19 faraldursins miðar sérstaklega að fjárhagsstöðu heimila og sárafatækt. Þar er sett fram tillaga um 25 milljóna króna einkiptisframlag í því skyni að gera félagsmálaráðuneytinu kleift að styrkja sérstaklega þau félagasamtök sem styðja við viðkvæma hópa í samfélaginu, s.s. með matarúthlutunum og ráðgjöf, og finna fyrir aukinni eftirspurn í kjölfar heimsfaraldursins. Enn fremur hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að framkvæma rannsókn um fyrirkomulag mataúthlutana og ráðgjafar þar sem m.a. verði kortlagt, í samvinnu við félagsþjónustu, hjálparsamtök o.fl., hvaða hópar eru að sækja þjónustu s.s. úthlutanir og ráðgjöf og hverjir þeirra búi við sérstaklega erfiðar aðstæður.


Fleiri aðgerðir voru í velferðarmálum sem getið var um í stöðuskýrslu nr. 1 frá 3. júní. Þær aðgerðir eru í framkvæmd og er staða þeirra óbreytt.

*Þróun umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg.*

Á síðustu mánuðum hefur orðið aukning umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu og framfærslulán hjá Reykjavíkurborg. Fram hefur komið á fundum teymisins að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu virðast ekki sjá sömu aukningu. Ein skýringin á aukningunni hjá Reykjavíkurborg gæti verið vegna langs afgreiðslutíma Vinnuálastofnunar en þó skal ekkert fullyrt í þeim efnum. Í haust verður mikilvægt að fylgjast með þróuninni áfram og meta stöðuna jafnt og þétt. Á myndinni hér að neðan má sjá þróun í fjölda umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu og framfærslulán hjá Reykjavíkurborg frá því í apríl 2019.



Í apríl 2019 hóf Reykjavíkurborg að rafvæða umsóknarferlið um fjárhagsaðstoð til framfærslu og á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig hlutfall rafrænna umsókna hefur aukist jafnt og þétt.



## Vinumarkaðurinn


### Afgreiðslutími umsókna um atvinnuleysisbætur

Líkt og greint var frá í stöðuskýrslu 2 frá 18. júní hafði orðið töluverð seinkun á afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun og grípa þurfti til sértækra aðgerða í starfseminni til að bæta þar úr. Teymið fór þess á leit við Vinnumálastofnun að gefa upplýsingar um heildarfjölda þeirra umsækjenda sem biðu eftir greiðslum fyrir mars, apríl og maí og af hverju það stafaði. Heildarfjöldi óafgreiddra umsókna frá í mars, apríl og maí, þar sem öll gögn liggja fyrir er **1.192** og verða þær umsóknir flestar afgreiddar nú fyrri hluta júlímánaðar.

Megnið af umsóknum sem bárust í marsmánuði hafa nú verið afgreiddar sem er breyting frá því í síðustu stöðuskýrslu þegar um 1.000 umsóknir voru ennþá óafgreiddar. Heildarfjöldi nýrra umsókna í þeim mánuði var um 30.000, flestar (um 28.000) vegna minnkaðs starfshlutfalls. Í apríl bárust um 13.000 nýjar umsóknir um atvinnuleysisbætur (um 10.000 vegna minnkaðs starfshlutfalls) og í maí um 3.500, mest almennar umsóknir (um 600 vegna minnkaðs starfshlutfalls).

Um 99,5% umsókna frá í mars hafa því verið afgreiddar, um 87% umsókna frá í apríl, og er stærstur hluti umsókna vegna maí enn í vinnsluferli. Borist hafa 2.200 nýjar umsóknir um atvinnuleysisbætur í júnímánuði og eru þær í hefðbundinni vinnslu þar sem verið er að kalla eftir frekari gögnum og vinna þær til afgreiðslu.

Óafgreiddar umsóknir hjá Vinnumálastofnun frá mars til maí



### Langtímaatvinnuleysi

Fjöldi þeirra sem verið hafa langtímaatvinnulausir (atvinnulausir í ár eða lengur) var **2.563 í lok maí** s.l., eða um **16%** af skráðu atvinnuleysi. Langtímaatvinnulausum fjölgaði nokkuð síðustu mánuði, þegar ár var liði frá falli Wow air. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir hægri fjölgun til áramóta og að þá verði fjöldi langtímaatvinnulausra um 3.200 og að hlutfallið verði áfram um 16%.

Á hinn bóginn gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir því að það fjölgi hratt í hópi þeirra sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði þegar kemur fram á haustið. Þeir eru nú 3.142 en verða að öllum líkindum um 5.500 í lok desember. Þessi hópur taldi um 23% allra atvinnulausra í febrúar, fór niður í 17% í mars og fer trúlega í um 29% af heildarhópi atvinnulausra í lok desember.

Almennt er ekki mikill munur á fjölgun í hópi langtímaatvinnulausra (12 mánuði +) og þeirra sem verið hafa 6-12 mánuði atvinnulausir, eftir bakgrunnshópum. Þó má gera ráð fyrir að fjölgunin sé heldur meiri meðal þeirra elstu, enda er langtímaatvinnuleysi jafnan mest meðal þess aldurshóps. Þannig voru um 20% allra 50 ára og eldri langtímaatvinnulausir í lok maí, en aðeins um 10% þeirra sem voru 18-29 ára.

## Atvinnuleitendur sem fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði

Vinnumálastofnun býst ekki við því að það fjölgi mikið í hópi þeirra sem fullnýti bótarétt sinn næstu mánuði enda er lengd bótatímabilsins 30 mánuðir og vinnumarkaðurinn að koma úr talsverðri þenslu síðustu ára. Að jafnaði fullnýta um 100 atvinnuleitendur bótarétt sinn í hverjum mánuði út árið 2020.

Mánuður	Fjöldi
Júní	99
Júlí	93
Ágúst	100
September	101
Október	99
Nóvember	108
Desember	127

Tafla 1: Fjöldi sem fullnýtir rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði

Í töflunni má sjá fjölda þeirra sem gætu fullnýtt bótarétt sinn í hverjum mánuði en hafa ber í huga að allar líkur eru á að þessar tölu lækki nokkuð því lengra sem horft er fram í tímann sökum þess að einhver fjöldi atvinnuleitenda fer í starf eða hættir að fá atvinnuleysisbætur af öðrum orsökum.

## Minnkað starfshlutfall samhliða atvinnuleysisbótum

Í lok júní hafa rúmlega **7.100 einstaklingar** staðfest umsókn um minnkað starfshlutfall í júní. Gera má ráð fyrir einhverjum fjölda sem mun staðfesta umsókn sína til viðbótar til mánaðarmóta, en ólíklegt er að heildarfjöldinn verði meiri en 7.500 manns. **Mun hraðar hefur fækkað í úrræðinu en ráð hafði verið fyrir gert.** Vinnumálastofnun hafði gert ráð fyrir því að fjöldinn yrði um 10.000 í lok júní. Í maí fengu um 21.000 einstaklingar greiddar atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli svo ljóst er að fækkunin er mikil í júní.

Gera má ráð fyrir enn meiri fækkun í júlí og ágúst þegar krafan um hærra starfshlutfall tekur gildi.

Þeir sem hætta að nýta sér hlutabótaleiðina fara ýmist í sitt fyrra starf aftur eða fara á uppsagnarfrest. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig skiptingin er þar á milli.

## Sex sveitarfélög undir smásjóni

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið fól Byggðastofnun þann 16. apríl síðastliðin að vinna samantekt um áhrif niðursveiflu í ferðaþjónustu á atvinnuástand á landsbyggðinni, með sérstaka áherslu á svæði þar sem ferðaþjónusta hefur haft mikla þýðingu varðandi atvinnutekjur og fjármál sveitarfélaga. Í samantektinni er gefin var út 12. maí er reynt að greina mikilvægi ferðaþjónustunnar eftir einstökum svæðum og sveitarfélögum og í kjölfarið á henni er hafið verkefni með Suðurnesjum um aðgerðir til viðspyrnu og í framhaldi er sjónum beint til Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps, Skútustaðahrepps, Bláskógabyggðar, Sveitarfélaginu Hornafjarðar og Rangárfings eystra þar sem atvinnuleysi er hvað hæst á landinu.

Framangreind sex sveitarfélög hafa treyst mjög á ferðaþjónustu og niðursveiflan kemur því sérstaklega illa við þau. Verið er að skoða stöðu mála í þessum sveitarfélögum sérstaklega og meta hvort og hvernig þau úrræði sem stjórnvöld hafa gripið til eru að nýtast og hvernig viðkomandi sveitarfélög eru sjálf í færum að styðja með eigin aðgerðum við samfélagið. Tillögur eiga að liggja fyrir í júlí. Þar mun koma betur í ljós hvar væri þörf á sértækum aðgerðum til að styðja enn frekar við atvinnulíf og samfélag vegna þessara tímabundnu aðstæðna og hvers konar aðgerðir væru þá heppilegar í því sambandi. Markmið slíkra aðgerða væri að skapa betri grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulíf til lengri tíma og styrkari stoðir þess, stuðla að nýsköpun og búa til tækifæri.

## Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði (SAM)

Samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði (SAM) undir forystu mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra tók til starfa 20. apríl 2020 og er hópnunum ætlað að skoða stöðu og möguleg menntaúrræði námsmanna og atvinnuleitenda við þær breyttu aðstæður sem nú eru uppi í íslensku samfélagi. Fyrstu tillögur/aðgerðir hópsins lutu að námsmönnum sumarið 2020 og nú hefur hópurinn sett niður tillögur sínar um mennta- og vinnumarkaðsaðgerðir. Haft skal í huga að hér er um að ræða tillögur samhæfingarhópsins sem ennþá eru til umræðu og háðar öðrum þáttum og því gætu þær tekið breytingum.

Tillögur hópsins lúta í meginatriðum að því að hvetja þá atvinnuleitendur sem verið hafa án atvinnu í sex mánuði eða lengur til þess að hefja formlegt starfs- og tækninám í framhaldsskólum og á háskólastigi, en jafnframt verði á háskólastigi lögð áhersla á að greiða atvinnuleitendum leið í brúarnám, starfstengt aðfararnám, fagháskólanám og flýtleiðir háskólamenntaðra til annarrar prófgráðu s.s. á sviði hjúkrunarfræði, heilbrigðis- og kennslugreina.

Tillögur hópsins skiptast í þrennt:

### 1. Nám er vinnandi vegur II

Hópurinn leggur til að farið verði í gang með átakið **Nám er vinnandi vegur II** en það er mennta- og vinnumarkaðsátak sem gaf góða raun í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Slíkt átak mun gefa allt að 3000 atvinnuleitendum sem verið hafa án atvinnu í sex mánuði eða lengur tækifæri á því að skrá sig í dagskóla samhliða atvinnuleysisbótum í eina önn. Eftir fyrstu önnina tekur námslánakerfið við til framfærslu, en þetta tímabil myndi ekki hafa áhrif á bótarétt og nýtingu bótaréttar viðkomandi. Lagt er til að Vinnumálastofnun fjármagni verulega aukningu á þjónustu skólanna með náms- og starfsráðgjöf auk þess sem hópurinn leggur áherslu á að styrkja stoðþjónustu skóla og fræðsluaðila þannig að viðeigandi námsstuðningur sé í boði og verður þar lögð höfuðáhersla á raunfærnimat þannig að mat á hæfni og áföngum sem fólk hefur lokið skili sér til þess að koma í veg fyrir sóun á tíma og mannaúði.

Lagt er til að gerður verði **samningur við Fræðslusjóð og aðra fræðsluaðila** með það að markmiði að fjölga þátttakendum í vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar í samstarfi við Vinnumálastofnun. Samhæfingarhópurinn leggur til að öllum atvinnuleitendum standi nám framhaldsfræðslunnar til boða óháð menntunarstigi. Vegna mikillar fjölgunar atvinnuleitenda sem ekki hafa lokið viðurkenndu framhaldsnámi má gera ráð fyrir að um tvö þúsund manns nýti sér þessar námsleiðir sem undanfara þess að setjast á skólabeck. Gert er ráð fyrir að samið verði við Keili, Háskólann í Reykjavík og Háskólann að Bifröst um pláss fyrir 150 námsmenn í svokallaðar háskólabrýr, þ.e. aðfararnám fyrir nám í háskóla fyrir þá sem ekki hafa lokið stúdentsprófi.

### 2. Ráðgjöf og virkni atvinnuleitenda

Hópurinn leggur til að **auknu álagi á Vinnumálastofnun verði mætt með skipulögðum hætti**, að ráðgjöfum verði fjölgað um 15 stöðugildi og að viðmiðunarfjárhæð vegna styrks á námskeið verði hækkuð úr 70.000 í 90.000 kr. til að hvetja til virkni og mæta mismunandi þörfum atvinnuleitenda. Vinnumálastofnun mun leggja áherslu á eflingu stafrænnar þjónustu í formi fjarráðgjafar og skapi svigrúm til þess að beina atvinnuleitendum sem það kjósa að nýta

sér raunfærnimat gagnvart skilgreindum færni viðmiðum á vinnumarkaði í auknu mæli í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aðila vinnumarkaðarins.

Nauðsynlegt þykir að skapa svigrúm fyrir úrræðaaðila að þróa nýjungar bæði í námi, kennsluáferðum og í mati á fyrri reynslu atvinnuleitenda. Því er lagt til að settar verði 100 milljónir króna í sérstakan kynningar- og þróunarsjóð, sem auglýsi eftir umsóknum.

### 3. Ýmis framlög vegna virkniúrræða

Það er álit SAM hópsins að **endurskoða beri allt íslenskunám fyrir útlendinga** og leggur hópurinn til að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi forgöngu um slíka endurskoðun þar sem byggt verði á stöðumati í íslensku en nauðsynlegt er að samræma það og byggja á hæfnikröfum A-C í evrópska tungumálrammanum.

Mikill áhugi er meðal hagaðila á Suðurnesjum að koma á **samskiptatorgi** (One stop shop) atvinnu- og menntamála þar sem einstaklingar og fyrirtæki eigi auðveldara um vik að fá upplýsingar um hvað er í boði, auk þess sem þar mætti fá aðstoð við að sækja um laus störf.

Hópurinn leggur til að lagðir verði fjármunir í að þróa **aðferðafræði í raunfærnimati á pólsku og ensku** auk þess sem lögð verði áhersla á **ráðningarstyrki** Vinnumálastofnuna til að aðstoða viðkvæmustu hópana á vinnumarkaði aftur inn á vinnumarkað. Sérstaklega er lagt til að aðferðafræði um stuðning í starfi eða mentor verði þróað áfram fyrir hina ýmsu hópa sem á því kynnu að þurfa að halda.

Vinnumálastofnun, Virk starfsendurhæfing og félagsþjónusta sveitarfélaga hafa verið í óformlegu samstarfi á grundvelli svokallaðs **NEET verkefnis** sem er þverfaglegt samstarf til að virkja 18-29 ára einstaklinga sem skortir áhugahvöt, hafa verið inn og út af vinnumarkaði eða flosnað upp úr námi. Þetta tilraunaverkefni hefur gefið góða raun og leggur hópurinn til að það verði útvíkkað til svæðisskrifstofa Vinnumálastofnunar á landsvísu þar sem vinna hefur nú þegar verið í gangi sem lítur að þjónustu við þennan viðkvæma hóp á vinnumarkaði. Til að gera það þarf að fjölga ráðgjöfum hjá Vinnumálastofnun um fimm stöðugildi og er lagt til að stöðugildin dreifist á allar þjónustuskrifstofurnar. Jafnframt er nauðsynlegt að svigrúm verði til að fá aðstoð fagaðila á geðheilbrigðissviði inn í slíkt verkefni.

Hópurinn leggur til að fjárlög til **Vinnustaðanámssjóðs** verði aukin í ljósi þess að mikið af nemum á námssamningum, sérstaklega í hótél- og veitingastarfsemi eiga erfitt með að ljúka starfsnámi sínu í því ástandi sem skapast hefur. Til þess að ná því þarf nánast að þrefalda framlögin og er lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við fjármálaráðuneytið hugi að því í nýrri fjármálaáætlun.

Að lokum hvetur hópurinn til þess að Vinnumálastofnun og Virk starfsendurhæfing í samráði við hagsmunasamtök fari í almenna vitundarvakningu til almennings og stjórnenda í fyrirtækjum til þess að vekja athygli á möguleikum fólks með skerta starfsgetu, en slíkar vitundarvakningar hafa áður verið framkvæmdar við góðan orðstír.

### Fjárhagsstaða heimilanna

*Reglur bankanna um greiðslumat*

Á síðasta fundi teymisins var ákveðið að leita svara frá fjármálastofnunum um það með hvaða hætti greiðslumat á nýjum húsnæðislánum væri háttað með tilliti til þess þegar greiðslubyrði



væri að lækka hvort sem fólk hafi verið í leiguhúsnæði eða væri að endurfjármagna eldra húsnæðislán.

Þrjár fjármálastofnanir svöruðu spurningum teymisins og kemur fram í svörum þeirra að **ekki þurfi að framkvæma greiðslumat** séu lántakendur að endurfjármagna eldri húsnæðislán til að lækka greiðslubyrði og taka hagstæðari lán. Fram kom í svörum bankanna að hins vegar kæmi það fyrir að fólk sem væri að taka ný húsnæðislán stæðist ekki greiðslumat þrátt fyrir að borga hærri upphæð mánaðarlega í leiguhúsnæði og er ástæða þess fyrst og fremst sú að greiðslumat miðast við uppgefnar tekjur skv. skattframtali eða grunnframfærsluviðmið sem birt er á vef félagsmálaráðuneytisins að viðbættu álagi bankanna. Hins vegar getur banki fallist á að veita lán þrátt fyrir neikvæða niðurstöðu greiðslumats samkv. 22.gr. laga um fasteignalán til neytenda ef frekari upplýsingar frá lántaka sýni að líklegt sé að lántaki geti staðið í skilum með lánin.

### Staðan hjá umboðsmanni skuldara

Mikilvægt verður að fylgjast náið með þróun á eftirspurn eftir þjónustu umboðsmanns skuldara næstu mánuðina og því var ákveðið að fá yfirlit yfir umsóknir um aðstoð vegna fjárhagsvanda síðustu mánaða. Nokkur aukning er í þjónustuna í júní en alls hafa embættinu borist tæplega 500 umsóknir vegna fjárhagsvanda á árinu 2020, þar af 97 í júní.

Lítill breyting hefur orðið á samsetningu hópsins en 43% umsækjenda voru konur og 57 % karlar. Á myndunum má sjá upplýsingar um þróun umsókna vegna greiðsluvanda hjá umboðsmanni skuldara og skiptingu eftir aldri og atvinnustöðu umsækjenda.

Fjöldi umsókna um aðstoð vegna fjárhagsvanda

